Atvinnumál, ferðaþjónusta og nýsköpun

Ályktun Haustþings
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Varmalandi

15. október 2026

Atvinnulíf á Vesturlandi

Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja við og stuðla að verkefnum sem efla sjálfbærni í iðnaði og matvælaframleiðslu á landsbyggðinni, hagnýtingu efnis og auðlindastrauma, klasasamstarf og eflingu hringrásarhagkerfis á Vesturlandi, með það að markmiði að fjölga tækifærum fólks til atvinnu, búsetu og styðja við byggðafestu.

Fjölbreytt atvinnulíf er á Vesturlandi og margvísleg starfsemi fyrirtækja er á svæðinu. Í Dalabyggð eru það landbúnaður (ræktun nytjajurta og búfjárrækt), rekstur gististaða og matvælaræktun sem eru stærstu þættirnir. Á Snæfellsnesi er það sjávarútvegur og afleidd starfsemi sem ber höfuð og herðar yfir aðrar greinar, en þar á eftir kemur ferðaþjónusta. Í Borgarbyggð skipa landbúnaður, byggingastarfsemi og iðnaður stærstan sess. Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit er iðnaður veigamestur enda Grundartangi eitt stærsta iðnaðarsvæði landsins, en einnig er verslun og þjónusta stærri hluti atvinnulífs svæðisins en í hinum sveitarfélögunum.

Atvinnulíf á Vesturlandi hefur hins vegar gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár. Sjávarútvegur og landbúnaður voru áður langstærstu atvinnugreinarnar, en hlutdeild þeirra er mun minni í dag en áður, þó eru svæði innan landshlutans þar sem hlutdeildin er enn stór. Á móti kemur að hlutdeild atvinnusvæðisins á Grundartanga og ferðaþjónustu hefur aukist, auk þess sem grænir iðngarðar, nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eru að festa sig í sessi. Vissulega hefur þessi þróun verið misjöfn eftir svæðum á Vesturlandi og segja má að þróun atvinnulífs endurspeglist í íbúaþróun í landshlutanum. Samfélagið mun áfram ganga í gegnum miklar breytingar og því er mikilvægt að aðilar atvinnulífs á Vesturlandi geti unnið að nýjum hugmyndum og tileinkað sér hluti sem skipta máli. Því er skilningur og stuðningur ríkisins mjög mikilvægur til að stuðla að áframhaldandi atvinnuþróun á Vesturlandi og viðhalda byggðafestu. Trygg afkoma frumframleiðenda er forsenda nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi og forsenda nýliðunar í öllum atvinnugreinum.

Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærni. Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum.

Matvælaframleiðsla

Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja við matvælaframleiðslu, rannsóknir, vinnslu og einfalda regluverk. Það er forsenda fyrir fæðu- og matvælaöryggi á Íslandi.

Haustþing SSV skorar á Alþingi að draga ekki úr tollvernd og auka þannig samkeppnishæfni íslenskrar framleiðslu. Haustþing SSV lýsir í þessu sambandi þungum áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á tollflokkun osts með viðbættri jurtaolíu.

Heilnæmi íslenskra matvæla og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði í heimi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni. Vesturland er kjörið til matvælaframleiðslu með öflugan landbúnað, útgerð og vinnslu sjávarafurða sem saman mynda góðan grunn til sóknar í matvælaframleiðslu og áherslu á aukna ræktun, óhefðbundna matvælaframleiðslu og fullvinnslu á svæðinu til aukinnar verðmætasköpunar. Fyrirhuguð breyting á tollflokkun osts með viðbættri jurtarolíu mun koma til með að hafa víðtæk áhrif á

samkeppnisstöðu innlendrar mjólkurframleiðslu og þá virðiskeðju sem byggir á störfum bænda, afurðavinnslu, flutningum og fjölbreyttri þjónustustarfsemi um land allt. Verulegur hluti íslenskrar mjólkurframleiðslu fer til ostagerðar og geta breytingarnar því haft áhrif langt út fyrir einstök bú og náð til fjölmargra sveitarfélaga þar sem landbúnaður er ein helsta undirstaða atvinnulífs.

Sjávarútvegur

Haustþing SSV skorar á ríkið að auka rannsóknir á lífmassa Breiðafjarðar og Faxaflóa, t.d. rannsóknum á þangi, þara og krabba, þannig að betri þekking fáist til að tryggja sjálfbæra nýtingu þessara hafsvæða og efla nýsköpun.

Haustþing SSV áréttar fyrri afstöðu sveitarfélaga á Vesturlandi um að veiðistjórn hrognkelsa sé betur fyrir komið í hlutdeildar- og aflamarkskerfi en með sóknarstýringu.

Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla að frekari sátt um sjávarútveg og auka þar fyrirsjáanleika og stöðugleika.

Haustþing SSV skorar á ríkið að skapa betri grundvöll fyrir litlar og meðalstórar útgerðir sem eru mjög mikilvægar á Vesturlandi. Mikilvægt er að hverskyns breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verði ekki til þess að grafa undan samkeppnisstöðu lítilla og meðalstórra útgerða, sbr. breytingar á veiðigjöldum.

Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra að endurskoða breytingar og áform um breytingar á ráðstöfun aflaheimilda innan 5,3% kerfisins, einkum skerðingar á línuívilnun og rækju- og skelbótum, og gerir kröfu um að ráðherra leiti samráðs við sveitarfélögin í þeirri vinnu. Haustþing SSV leggur ríka áherslu á að við ráðstöfun heimildanna verði sérstaklega komið til móts við sjávarbyggðir sem hafa orðið fyrir verulegum samdrætti í byggðakvóta og öðrum sértækum byggðaúrræðum á síðustu árum, með það að markmiði að styrkja staðbundna verðmætasköpun og heilsársstörf.

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og meðalstórar útgerðir, fiskvinnslur og annar sjávarútvegur. Fyrirtækin mynda undirstöðuatvinnuveg viðkomandi byggða og eru leiðandi í nýsköpun og vöruþróun.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, t.d. vegna hækkunar veiðigjalda, úthlutunar aflaheimilda og samþjöppunar, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt, fyirsjáanleika og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegs þannig að atvinnugreinin geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar og greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni samfélaginu öllu til hagsbóta. Sem dæmi um skort á fyrirsjáanleika má tiltaka áform atvinnuvegaráðherra varðandi hvalveiðar sem sveitarstjórnir á Vesturlandi hafa ályktað um.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af íþyngjandi veiðigjöldum, sérstaklega fyrir minni og meðalstórar útgerðir. Mikil samþjöppun hefur orðið í atvinnugreininni og vísbendingar eru um að með nýlegum breytingum á veiðigjöldum og áformum um breytingar á skiptingu heimilda innan 5,3% pottsins aukist samþjöppun og brotthvarf úr greininni. Því er hætta á að rekstrarumhverfi þessarar grunnstoðar atvinnulífs á Snæfellsnesi komi til með að versna.

Aflaheimildir 5,3% kerfisins eiga að styðja atvinnu og byggð með áherslu á staðbundna verðmætasköpun, fjölbreytni í útgerð og vinnslu og heilsársstörf. Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum af breytingum og áformum um breytta ráðstöfun þessara heimilda, einkum skerðingum á línuívilnun og rækju- og skelbótum. Skerðingar á úrræðum sem staðbundin útgerð og vinnsla byggja á geta veikt atvinnugrundvöll sjávarbyggða og dregið úr tekjum sveitarfélaga og hafna.

Við endurskoðun kerfisins þarf að horfa til samanlagðra áhrifa samdráttar í þessum heimildum til einstakra byggðarlaga og breytinga á öðrum byggðatengdum úrræðum. Þróun yfir lengra tímabil skiptir þar máli, enda geta endurteknar skerðingar haft veruleg áhrif á heilsársstörf, meðal annars í útgerð, vinnslu og tengdri þjónustu, og þar með á byggðafestu.

Sérstaklega þarf að bregðast við stöðu þeirra sjávarbyggða sem hafa orðið fyrir mestum samanlögðum samdrætti í úthlutunum innan 5,3% kerfisins. Nýta þarf heimildirnar markvisst til að mæta atvinnu- og byggðaáhrifum þess samdráttar, með hliðsjón af stöðu og þörfum viðkomandi byggða og möguleikum til að viðhalda og efla staðbundna atvinnustarfsemi.

Haustþing SSV leggur áherslu á að endurskoðun og ráðstöfun heimildanna byggist á fyrirsjáanleika og nánu samráði við sveitarfélögin, þannig að tryggt verði að úrræðin styðji áfram við öflugar og sjálfbærar sjávarbyggðir.

Landbúnaður

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja hvata til ættliðaskipta og nýliðunar í landbúnaði, t.d. með skattalegum hvata fyrir seljendur og kaupendur bújarða. Fyrir byggðafestu og fæðuöryggi þurfa hvatar að vera með þeim hætti að búseta og matvælaframleiðsla sé áfram tryggð á bújörðum um land allt.

Haustþing SSV skorar á ríkið að útboð á fullfjármagnaðri jarðræktarmiðstöð við Landbúnaðarháskóla Íslands fari fram sem allra fyrst þannig að framkvæmdir verði komnar vel af stað á árinu 2027.

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja stöðugleika og sanngjarnt orkuverð til garðyrkjubænda og annarra orkufrekra búgreina, til þess að efla framleiðslu og auka framleiðni, stuðla að fjárfestingu, nýsköpun og framþróun landbúnaðar.

Haustþing SSV skorar á ríkið að ljúka gerð búvörusamninga snemma árs 2027 enda renna núgildandi samningar út í lok þess árs.

Haustþing SSV skorar á ríkið að rannsóknir, nýsköpun og þróun í landbúnaði verði stórlega efldar, til að hámarka nýtingu afurða, arðsemi greinarinnar og verkefni tengd umhverfis- og loftslagsmálum.

Ástandið í heiminum hefur sýnt okkur hversu mikilvægt það er fyrir Íslendinga að vera sjálfbærir um matvælaframleiðslu og hér sé tryggt fæðuöryggi. Litlar breytingar á innflutningsmöguleikum matvæla vegna ástands erlendis, getur haft mjög afdrifarík áhrif á fæðuöryggi hér, án sjálfbærs íslensks landbúnaðar.

Á Vesturlandi eru landbúnaðarhéruð og -svæði sem byggja á hefðbundnum fjölskyldubúskap á litlum og stórum búum. Neikvæð umræða, rangfærslur og deilur í þjóðfélaginu um stuðning við íslenska matvælaframleiðslu gerir starfsumhverfi landbúnaðarins óstöðugt.

Það er því mjög mikilvægt fyrir landssvæði sem byggja afkomu sína á þessari atvinnugrein að sátt náist um íslenskan landbúnað. Öflugur landbúnaður er lykill að fæðuöryggi Íslendinga og er einnig víða forsenda þess að byggð haldist í dreifbýli. Lifandi landbúnaður í sveitum landsins og matvælaframleiðsla styður einnig við vöruþróun vegna ferðaþjónustu og skapar byggðafestu á landsbyggðunum.

Haustþing SSV lýsir yfir miklum áhyggjum á erfiðri stöðu landbúnaðar sem er grunnatvinnuvegur á hluta Vesturlands. Má í því sambandi nefna Dalabyggð sem er svæði sem hefur verið í vörn, en úrvinnslustöð í landbúnaði er á meðal stærstu vinnuveitenda í Dalabyggð. Mikilvægt er að standa vörð um þessa starfsemi. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu og sölu beint frá býli og mikilvægt er að hlúa vel að slíkum sprotum. Einnig eru mörg tækifæri í landbúnaði sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum og geta miðað að því að fullnusta skuldbindingar og markmið Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Mikilvægt er að stjórnsýsla landbúnaðarins og stoðkerfi sé skilvirkt og styðji vel við alla starfsemi sem viðkemur landbúnaði, bæði jarðrækt og dýrahald. Það er líka mikilvægt að eftirlits- og gæðakerfið standi sína plikt og vinni vel með atvinnugreininni til að tryggja gæði í matvælaframleiðslu, sjúkdómavarnir og velferð dýra á Íslandi.

Haustþing SSV fagnar frumkvæði sveitarfélaga að stofnun hagsmunasamtaka landbúnaðarsveitarfélaga sem stofnuð voru á dögunum og bindur miklar vonir við að samtökin styðji við og vinni m.a. að framgangi framangreindra ályktana haustþings SSV.

Grundartangi og grænir iðngarðar

Haustþing SSV skorar á ríkið að standa vörð um samkeppnisstöðu atvinnulífsins á Grundartanga og fylgja sérstaklega eftir stöðu Elkem vegna breytinga á alþjóðlegu tolla- og viðskiptaumhverfi. Álagning tolla ESB á kísiljárn er staðreynd en heimild ESB samkvæmt EES samningi er ekki ótakmörkuð í tíma.

Haustþing SSV skorar á ríkið að hvetja til og styðja við verkefni hagaðila í iðnaði sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum. Hafnarmannvirki og þekkingarumhverfið á Grundartanga skapa tækifæri til uppbyggingar nýrra fyrirtækja á Grundartanga og Vesturlandi öllu.

Atvinnusvæðið á Grundartanga er mikilvægt fyrir Vesturland. Við áframhaldandi þróun svæðisins er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra tækifæra í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem nýta sér hafnarmannvirki og þekkingarumhverfið á Grundartanga. Aukið samstarf fyrirtækja og nýsköpun er megindrifkraftur framþróunar svæðisins til að gera það enn eftirsóknarverðara fyrir nýja starfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

Störf á vegum ríkisins og óstaðbundin störf

Haustþing SSV skorar á ríkisstjórnina að setja sér skýr og mælanleg markmið um fjölgun ríkisstarfa á Vesturlandi og öðrum landsbyggðum. Við ákvarðanir um ný störf, fjölgun starfa hjá ríkisstofnunum og staðsetningu nýrra starfsstöðva verði sérstaklega horft til landshluta þar sem hlutfall ríkisstarfa er lægra en íbúahlutfall landshlutans.

Á Vesturlandi hefur verið byggð upp góð aðstaða fyrir fjarvinnu og óstaðbundin störf og eru því víða fyrir hendi innviðir sem gera ríkisstofnunum kleift að fjölga störfum í landshlutanum án þess að stofna þurfi nýjar starfsstöðvar frá grunni. Haustþing SSV leggur áherslu á að ríkið nýti markvisst þessa aðstöðu og geri störf hjá ríkisstofnunum í auknum mæli óstaðbundin. Jafnframt verði húsnæði í eigu ríkisins á Vesturlandi og annars staðar á landsbyggðinni nýtt með markvissari hætti til að styðja við slíka þróun.

Í september 2026 kom út skýrsla Byggðastofnunar, Hvar eru ríkisstörfin? – Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2025. Þar kemur fram að áfram er verulegur munur á dreifingu ríkisstarfa og búsetu landsmanna. Um 70% allra stöðugilda á vegum ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um 64% landsmanna búa. Á Vesturlandi búa hins vegar 4,6% landsmanna en þar eru aðeins 3,3% stöðugilda ríkisins.

Jákvætt er að ríkisstöðugildum á Vesturlandi fjölgaði á árinu 2025, úr 925 í 951, eða um 2,8%. Fjölgun varð á Akranesi, í Borgarbyggð, Dalabyggð og Snæfellsbæ, en fækkun varð í Grundarfirði og Stykkishólmi. Þrátt fyrir þessa fjölgun er hlutfall ríkisstarfa á Vesturlandi enn talsvert lægra en íbúahlutfall landshlutans. Fjölgun ríkisstarfa á landsbyggðinni er mikilvægur þáttur í að fjölga fjölbreyttum og sérhæfðum störfum, styrkja vinnumarkaðinn og auka raunverulegt valfrelsi fólks til búsetu. Það þarf því með öðrum orðum að fylgja yfirlýstri stefnu stjórnvalda um byggðaþróun og óstaðbundin störf eftir með markvissum aðgerðum og mælanlegum árangri.

Ferðaþjónusta

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja áfangastaðastofum landshlutanna nægt og fyrirsjáanlegt fjármagn, skýrt hlutverk og virka aðkomu að stefnumótun. Áfangastaðaáætlanir verði lagðar til grundvallar við forgangsröðun og fjármögnun uppbyggingar ferðaþjónustu.

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja sveitarfélögum sanngjarnar og varanlegar fjármögnunarleiðir til að mæta kostnaði vegna ferðaþjónustu og skýra ábyrgð á uppbyggingu, rekstri og viðhaldi ferðamannastaða.

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja ferðaþjónustunni stöðugt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi þar sem breytingar á sköttum, gjöldum og regluverki byggi á áhrifamati, samráði og nægum fyrirvara.

Haustþing SSV skorar á ríkið að setja aukinn kraft í uppbyggingu samgönguinnviða, umferðaröryggi og ferðamannastaða á Vesturlandi, með áherslu á betri tengingar milli ferðasvæða og dreifingu ferðafólks.

Haustþing SSV skorar á ríkið að endurmeta fyrirkomulag innviðagjalds á skemmtiferðaskip með tilliti til áhrifa þess á skipakomur, hafnarrekstur og atvinnulíf í sjávarbyggðum.

Haustþing SSV skorar á ríkið að efla svæðisbundnar rannsóknir og gagnasöfnun um ferðaþjónustu til að styðja við stefnumótun, áfangastaðastjórnun og ákvarðanatöku.

Ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein á Vesturlandi og stuðlar að fjölbreyttu atvinnulífi, auknu þjónustuframboði og styrkingu byggðar. Landshlutinn hefur mikil tækifæri til frekari verðmætasköpunar með lengri dvöl ferðafólks, betri dreifingu gesta og aukinni heilsársstarfsemi.

Til að nýta þessi tækifæri þarf öfluga innviði, fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi og skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ferðaþjónusta hefur í för með sér kostnað fyrir sveitarfélög vegna uppbyggingar og viðhalds innviða, þjónustu og áningarstaða. Mikilvægt er að hluti tekna ríkisins af ferðaþjónustu skili sér til þeirra svæða þar sem kostnaðurinn fellur til. Jafnframt þarf skýran lagaramma um gjaldtöku á ferðamannastöðum og ráðstöfun þeirra tekna.

Fagleg áfangastaðastjórnun er ein af lykilforsendum sjálfbærrar þróunar ferðaþjónustu. Áfangastaðastofur gegna mikilvægu hlutverki við samhæfingu verkefna, samstarf sveitarfélaga og atvinnulífs og framkvæmd áfangastaðaáætlana. Nauðsynlegt er að fjármögnun þeirra taki mið af verkefnum og ábyrgð og að Áfangastaðaáætlun Vesturlands hafi raunverulegt vægi við opinbera forgangsröðun og fjárfestingar. Aðgengi að áreiðanlegum svæðisbundnum gögnum um ferðaflæði, verðmætasköpun og áhrif ferðaþjónustu er jafnframt mikilvægt til að styðja við upplýsta ákvarðanatöku.

Bættar samgöngur og öflugir innviðir eru forsenda þess að dreifa ferðafólki betur um landshlutann og skapa ný tækifæri til uppbyggingar. Þar skipta vegtengingar um Uxahryggi og Skógarströnd meðal annars máli, bæði til að tengja ferðasvæði betur saman og auka umferðaröryggi. Uppbygging ferðamannastaða og samgönguinnviða þarf að taka mið af þörfum svæðanna og áherslum Áfangastaðaáætlunar Vesturlands.

Stöðugt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi er sérstaklega mikilvægt fyrir lítil og meðalstór ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni. Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum hækkunum virðisaukaskatts á baðlón og sambærilega baðstarfsemi. Slík starfsemi skapar heilsársstörf, eykur verðmætasköpun og styrkir rekstrargrundvöll annarra fyrirtækja í nærsamfélaginu. Verulegar skattahækkanir geta dregið úr samkeppnishæfni, seinkað fjárfestingum og haft neikvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að breytingar á skattlagningu byggi á mati á áhrifum þeirra á atvinnulíf og byggðaþróun.

Sama á við um innviðagjald á skemmtiferðaskip. Við ákvörðun gjaldtöku þarf að horfa til áhrifa hennar á samkeppnishæfni íslenskra hafna, skipakomur og þá atvinnustarfsemi sem tengist þjónustu við farþega. Þetta á sérstaklega við um minni hafnir og sjávarbyggðir þar sem skipakomur geta haft verulega efnahagslega þýðingu. Breytingar á gjaldtöku þurfa því að byggja á vönduðu áhrifamati og samráði við hagaðila.

Nýsköpun

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja að Vesturland og önnur landsbyggðarsvæði njóti réttmætrar hlutdeildar í opinberu fjármagni til nýsköpunar, rannsókna og þróunar og hvetur stjórnvöld til að færa fjármögnunarvald nær samfélögunum með því að efla Sóknaráætlun landshluta og auka verulega fjármagn til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

Mikilvægi nýsköpunar fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og samfélaga hefur sjaldan verið meira. Örar tæknibreytingar, þar á meðal aukin notkun gervigreindar og sjálfvirknivæðingar, skapa bæði ný tækifæri og áskoranir. Mikilvægt er að samfélög um allt land hafi raunhæf tækifæri til að taka þátt í þessari þróun og njóta ávinnings hennar.

Á Vesturlandi hefur á undanförnum árum verið byggður upp öflugur grunnur fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun. Þar má meðal annars nefna Rannsóknar- og nýsköpunarsetrið Breið á Akranesi, Gleipni nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi, þróunarstarf á Grundartanga, rannsóknarsetur í Stykkishólmi og uppbyggingu samvinnurýma og nýsköpunarsetra víða um landshlutann. Nýsköpunarnet Vesturlands, NýVest, tengir þessa starfsemi saman og getur orðið mikilvægur vettvangur fyrir samstarf, þekkingarmiðlun og eflingu nýsköpunar á Vesturlandi.

Slík uppbygging skapar jafnframt mikilvægan grundvöll fyrir óstaðbundin störf, fjarvinnu og fjölbreyttara atvinnulíf í sveitarfélögum landshlutans. Til þess að þessi innviðir og sú þekking sem hefur byggst upp nýtist til fulls þarf að tryggja að aðgangur að opinberu fjármagni til nýsköpunar og rannsókna ráðist ekki af staðsetningu.

Atvinnuráðgjöf SSV hefur um árabil stutt markvisst við frumkvöðla og fyrirtæki á Vesturlandi og fjármagn úr Sóknaráætlun Vesturlands hefur reynst mikilvægt tæki til að styðja nýsköpun, atvinnuþróun og frumkvöðlastarf. Reynslan sýnir mikilvægi þess að **færa ákvarðanir um fjármögnun nær þeim samfélögum þar sem verkefnin verða til og þekking á staðbundnum tækifærum er mest.**

Haustþing SSV telur því brýnt að efla Sóknaráætlun landshluta og Uppbyggingarsjóð Vesturlands verulega og tryggja um leið sanngjarna landfræðilega dreifingu opinbers fjármagns til rannsókna, þróunar og nýsköpunar.